



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Hinn endinn á rafrænni stjórnsýslu – varðveisla rafrænna gagna ríkisins - Staðan í dag og stefnan til framtíðar -

Njörður Sigurðsson
sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs

Skjalavarsla og skjalastjórn opinberra aðila er lögbundin

- Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn
 - Varðveisluskylda á gögnum
 - Afhendingarskylda á gögnum
 - Skyldur um hvernig haga skuli skjalavörslu og skjalastjórn
- „Afhendingarskyldum aðilum er skylt að haga skjalastjórn og skjalavörslu með þeim hætti sem segir í þeim reglum sem settar eru á grundvelli 23. gr. og varðveita málgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við þær. (22. gr. laga um opinber skjalasöfn)
- „Forstöðumaður afhendingarskylds aðila ber ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu viðkomandi aðila, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við fyrirmæli laga og reglna þar að lútandi. Hið sama gildir um formann stjórnarsýslunefndar og framkvæmdastjóra sveitarfélags, svo og forstöðumenn sjálfseignarstofnana, sjóða og annarra aðila sem lög þessi gilda um skv. 14. gr.“ (22. gr. laga um opinber skjalasöfn)




Reglur um varðveislu rafrænna gagna

- Fyrst settar árið 2009
- Fyrsta afhending á rafrænum gögnum til Þjóðskjalasafns árið 2010
- Núgildandi reglur:
 - Reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum afhendingarskyldra aðila (nr. 877/2020)
 - Reglur um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila (nr. 100/2014)




Staðan í dag

- Um 1.400 rafræn gagnasöfn í notkun hjá ríkinu
 - að meðaltali 6,8 rafræn gagnasöfn hjá hverjum afhendingarskyldum aðila
- Undir lok árs 2020 hafði Þjóðskjalasafn aðeins fengið
 - tilkynningar um 24% þessara rafrænu gagnasafna (337 tilkynningar)
 - vörsluútgáfur úr 3% þessara rafrænu gagnasafna (45 vörsluútgáfur)
- Rafræn skjalavarsla ríkisins er því komin allt of skammt á veg



Afleiðingar andvaraleysis

- Meira af pappírsskjölum hleðst upp hjá ríkinu
 - 95.000 hillumetrar af pappírsskjölum eru nú þegar til hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins
 - Allur safnkostur Þjóðskjalasafns frá 1200-2020 er um 45.000 hillumetrar
 - Auka þarf geymslurými safnsins um 150-170% á næstu 30 árum
- Mikilvægar upplýsingar geta eða munu tapast



Stefna til framtíðar

- Eðlilegt er að gögn sem verða til á rafrænu formi og eru varðveisluverð verði varðveitt til framtíðar á rafrænu formi, ekki á pappír
- Upplýsingaöryggi ríkisins til lengri tíma er undir
- Langtímavarðveisla rafrænna gagna þarf að vera hluti af stefnu ríkisins um rafræna stjórnsýslu – er það ekki í dag
 - Hinn endinn á rafrænni stjórnsýslu er varðveisla rafrænna gagna
- Þjóðskjalasafn hefur kynnt stöðuna fyrir mennta- og menningarmálaráðherra og gert tillögur um að ríkið setji sér stefnu



Takk fyrir!



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS